

**G J A L D S K R Á**

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

**1. gr.**

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til nota við köfun í atvinnuskyni greiðir eftirfarandi gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

Sundbúnaður .....	kr. 100,00
Hvert skráð aukalunga eða heilgríma .....	— 20,00
Hjálmbúnaður .....	— 150,00
Hver skráður aukahjálmur .....	— 50,00
Loftþjappa .....	— 50,00
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör) .....	— 110,00
Fyrir Dräger rör til loftgreiningar .....	— 20,00

**2. gr.**

Vegna starfsskírteina kafara greiðast eftirgreind gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteinis kafara .....	kr. 300,00
Fyrir heimild til kennslu í köfun .....	— 100,00
Endurnýjun á atvinnuskírteini kafara .....	— 50,00

**3. gr.**

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða skal greiða sanngjarna þóknun samkvæmt reikningi.

**4. gr.**

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 12 13. apríl 1976 um kafara-störf, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

**R E G L U G E R Ð**

um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

**1. gr.**

162. gr. orðist svo:

- 162.1 Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúðir.  
 162.2 Peningshús, þar með talin loðdýrabú og áburðargeymslur mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli.  
 162.3 Óheimilt er að reisa loðdýrabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 metrum. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. gr. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. júlí 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

Nr. 352.

8. júlí 1981.

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri.

1. Umferð um Miðsíðu frá Bugðusiðu að Vestursíðu skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Þversíðu milli Austursíðu og Miðsíðu skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Hamarsstigur skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart Byggðavegi og Ásvegi. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 8. júlí 1981.*

**Eliás I. Eliasson.**